


DALALÆÐAN

1.tbl. 12.árg. febrúar 1999.



Mjallhvít að undirbúa þorrablót hjá dvergum sjö!
Myndin er eftir erlendan listamann og birtist árið 1852 í fyrstu
íslensku útgáfunni á þessu sívinsæla ævintýri. Íslensku þýðinguna
gerði séra Magnús Grímsson prestur á Mosfelli á árunum
1855-1860.

Halldór Laxness segir frá þessari bók í endurminngarbókinni „Í
túninu helma“: „Sumar sögur, þar á meðal Mjallhvít, eru eins og
runnar manni í merg og bein. Ég kunni hana utanbókar í yndislegri
þýðingu Magnúsar Grímssonar þegar ég var á fimta árinu, hún var
fyrst bóka sem ég las.“

Langferðir um túnið heima

Fyrirsögnin vísar til tveggja hugverka eftir Halldór Laxness sem á sínum tíma reit greinina „Lángferðir í heimahögum“ og í annan stað sendi hann frá sér endurminningabókina „Í túninu heima“ árið 1975.

Halldór var ekki aðeins heimsborgari og rithöfundur á heimsmaelíkvarða heldur sýndi hann margoft að hversdagslegir hlutir og persónur úr nánasta umhverfi, ekki síst frá fyrri tíð, er það sem mestu máli skiptir þegar upp verður staðið. Halldór Laxness skilur þá hugsun eftir hjá okkur Mosfellungum að mikilvægt sé að halda til haga þeim fyrri tíðar sjóði sem fólgin er í landi og sögu.

Íbúasamtökin Víghóll sýnir nú viðleitni í þessa veru og stendur um þessar mundir að gerð myndbands sem hefur það keppikefli að halda þessum verðmætum til haga sem fyrst og fremst eru fólgin í landinu sjálfu og munnlegri geymd.

Upptökur fóru fram síðastliðið sumar og var viðfangsefnið „minjar í Mosfellsdal“ sem verður endanlegur titill myndbandsins. Lokafrágangur stendur nú yfir en myndbandið verður síðan fjölfaldað og falboðið.

Hátt í 20 einstaklingar munu greina frá þessum minjum og var einkum leitað í smíðju til eldri dalbúa. Stríðsminjar, mógrafir, refagildra og rafstöðvarrústir eru meðal þess sem gert verður grein fyrir. Hnýsilegir staðir reyndust víðar og fleiri en en maður skyldi ætla í fyrstu. Það sýndi sig að svo sannarlega er hægt er að fara í langferðir um túnið heima hér í Mosfellsdal.

Bjarki Bjarnason

DALALÆÐAN

1. tbl. 12. árg. Febrúar 1999

Útgefandi: Íbúasamtökin Víghóll í Mosfellsdal.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Bjarki Bjarnason.

Umbrot: Hlynur Helgason.

Prentun: Prentsmíðjan Oddi.

Auglýsingar: Ásgerður Gísladóttir og Sigríður Sigurðardóttir.

Efni

Merkisafmæli á árinu	3
Æskutíð	4
Gull og grænir skógar	6
Uppfinningamaður í Mosfellsdal	8
Lundur	9
Íslensk fyndni	9
Minning Halldórs Kiljans Laxness	10
Fyrsti nútímablaðamaðurinn	12
Fjárláði hjá Mosfellsklerki	14
Annáll ársins 1998	Baksíða

Bankinn er bakhjarl



BÚNADARBANKINN

Mosfellsbæ, sími 566 7000

Afgreiðslutími: Mánud.-föstud. kl. 9.15-16.00

Merkisafmæli á árinu

FRANK PONZI

í Brennholti verður 70 ára þ. 18. maí.

SIGURÐUR SKARPHÉÐINSSON

í Sigtúni verður 60 ára þ. 17. febrúar.

GUÐRÚN JÓHANNSDÓTTIR

í Skuld verður 50 ára þ. 7. maí.

HILDUR EINARSDÓTTIR

á Laugabakka verður 50 ára þ. 25.
maí.

ÞÓRÐUR SIGURÐSSON

frá Lundi verður 50 ára þ. 22. júlí.

MARÍA HÁKONARDÓTTIR

frá Grund verður 50 ára þ. 30. apríl.

BALDUR SIGURÐSSON

frá Reykjadal verður 50 ára þ. 13. maí.

KRISTJÁN EINARSSON

frá Reykjadal verður 50 ára þ. 15. júlí.

**Dalalæðan óskar
þessu ágæta fólki
til hamingju!**

**Hestaleigan
Laxnesi**

BÍLAVERKSTÆÐI
GUÐVARÐAR og KJARTANS



Reykjabúið
SÍMI 566 6800 – FAX 566 8089



Urðarkolt 2 • 270 Mosfellsbæ • Sími 566 6135 • Fax 566 6308

Æskutið

*Heyilmur og bestaangan,
ég hef með farið daginn langan.
Unaður í ungum taugum,
albirðing í vikulokin.
Ljúft verður að loka augum.*

*Bærinn minn svo hlýr og hljóður
hjartfölginn og öllum góður
maturinn og mjúka bólið
móðir sem að öllu hlúir.
Ó, hve blítt var bernskuskjólíð.*

(Úr ljóðabókinni *Bar ég orð saman* út. 1989.)

Þannig hefst ljóð Oddnýjar Kristjánsdóttur sem fædd var á Minna-Mosfelli árið 1911. Foreldrar hennar voru þau Kristján Jónsson og María Einarsdóttir sem bjuggu þá að Minna-Mosfelli. (Frá Kristjáni segir nokkuð í endurminningarbókin *Í tíninu heima*, bls. 68 - 69.)

Fjölskyldan flutti úr Dalnum árið 1919, fyrst í Hafnarfjörð og síðan að Forsæti í Villingaholtshreppi. Frá árinu 1934 hefur Oddný búið að Ferjunesi í sömu sveit.

Hún var aðeins átta ára gömul þegar hún flutti frá Minna-Mosfelli en bernskuár hennar í Dalnum eru henni sérstaklega hugleikin. Hér á eftir bregður hún upp nokkrum myndum frá bernskutið í Mosfellsdal:

Ég er að reyna að muna og láta þessi 80 ár víkja fyrir bernskuminningunum, verða aftur lítil telpa. Ég man eftir mér aðeins tveggja ára gömul á afmælisdaginn minn þann 3. september 1913.



**Oddný
Kristjáns-
dóttir**


Heybandslestin stóð á hlaðinu fyrir bæjardyrum og mamma ætlaði sjálf með lestinni og færa fólkinu afmælistakaffið og ég átti líka að fara með. Mamma hengdi kaffilátin á klakka og einnig meðlæti. Mig setti hún á fremsta hestinn í lestinni, Skjóna gamla, og batt mig við klyfberabogann með löngum gráum trefli. Svo var haldið af stað. Löng þótti mér leiðin en loks komum við í áfangastað og kaffið var drukkið.

Á sínum tíma sagði ég móður minn þessa sögu og hún staðfesti að frásögnin væri alveg rétt svo langt sem hún náði. Ég sagði líka eldri bróður mínum frá þessu og honum varð að orði: „Þá hefur pabbi verið að heyja handa lömbunum í Hestbrekkum.“ (Hestbrekkur eru á milli Laxness og Skeggjastaða.)

Ég man vel eftir prestsetrinu á Mosfellshólnum. Bærinn var stór um sig með mörgum vistarverum og sum herbergin hétu eigin nöfnum. Eitt hét t.d. „Kíðhús“. Presthjónin voru þau séra Magnús Þorsteinsson og Valgerður Gísladóttir. Þau áttu mörg börn á aldur við okkur systkinin og mikill samgangur var á milli bæjanna.

Ég man efir vor- og sumarkvöldunum á Minna-Mosfelli. Við litlu systurnar vorum drifnar í háttinn á réttum tíma en þá voru stóru krakkarnir af báðum bæjum í villtum boltaleik á milli bæjanna á stórri flöt sem hét Leynir.

Vestan og ofan við Minna-Mosfellsbæinn var djúp lægð. Þar rann lítill



Minna-Mosfell um 1947. Íbúðarhúsið var byggt árið 1908. Hér fæddist Oddný og ólst upp til átta ára aldurs.

lækur sem hét Prettur líklega af því að hann gat horfið með öllu í þurrkatíð.

Ég man eftir snjóflóði sem geystist fram þessa sömu lægð. Það var svo mikið að það huldi næstum vesturgluggann á stofunni en þar vorum við þegar það hljóp fram hjá. Þetta gerðist um miðjan dag. Flóðið tók með sér síldartunnur sem stóðu við vesturgafi hússins og bar þær niður á „Víði“.

Upp af bænum í hæfilegri fjarlægð voru þessi dásamlegu kennileiti „Krosshóll“ og „Diskur“. Sameiginleg gamlársbrenna Mosfellskrakkanna var á Diski og naut sín vel.

Ég man eftir Stóru- og Litlu-Sveinamýri norður undir Leirvogsa. Þar heyjaði pabbi minn og var það kallað að heyja „fyrir norðan fjall“.

Þá man ég einnig eftir ærhúsinu hans pabba í Móatúninu (nú golfvöllur) en húsið stóð á afgirtu gerði sem pabbi hafði gert að túni. Ég man eftir taðkvörn sem stóð við austurvegg ærhússins. Taðkvörnin var notuð til að mala skán sem notuð var til áburðar. Mór var hins vegar notaður til eldsneytis en mótekja var góð á landareigninni.

Mamma rak dálítið hænsnabú og hænsnin voru höfð í Móatúnshúsinu yfir

sumarið svo þau skemmdu ekki garðana heima.

Ég flutti úr dalnum aðeins átta ára gömul árið 1919 en árið 1942 kom ég í heimsókn að Minna-Mosfelli ásamt Kristínu systur minni. Það var ógleymanlegt og við áttum indæla stund með þeim Skarphéðni og Katrínu sem bjuggu þar þá. Þau gengu með okkur heim að Stóra-Mosfelli og sýndu okkur kirkjugarðinn en ekkert hús var þá á þessum forna kirkjustað. Svo kvöddum við þessi góðu hjón og héldum niður á Víði að nýja prestsetrinu en systir mín þekkti prestsfrúna, Láru Skúladóttur, frá fyrri tíð. Mikil var þessi breyting að hafa ekkert hús á hólnum. Góðir menn hafa séð að þetta var ekki hægt og aftur reis kirkjan á hólnum.

*Mörg hafa sumur síðan runnið
sorg og gleði teygt og spunnið
æviþráðinn allavega.
Alltaf skín í minningunni
æskuvorið unaðslega.*

*Ferjunesi, 9. janúar 1999
Oddný Kristjánsdóttir
frá Minna-Mosfelli*

Gull og grænir skógar

Um skógrækt í Mosfellsdal

Þegar Egill Skallagrímsson paufaðist örvasa um Mosfellsdal með silfurkistur sínar fyrir eittþúsund árum var auðvitað öðruvísi um að litast í Dalnum en nú á dögum. Ekki nefnir Egils saga skóglendi, þótt bæjar-nafnið Hrísrú bendi til þess að þar hafi verið kjarr.

Þótt margt hafi breyst á þúsund árum eru árnar í dalnum samar við sig. Sú sem fellur um norðanverðan Dalinn er nefnd Kaldakvísl, en sú syðri hefur verið nefnd ýmsum nöfnum, venjulega Suðurá nú á dögum. Þær fallast í faðma við vesturenda Dalsins og renna til sjávar í Leiruvogi undir nafninu Kaldakvísl. Viðiroddi heitir þar sem árnar koma saman og dalbotninn allur gekk undir nafninu Viðir áður fyrr, stundum auðkenndur Mosfellsvíðir og Hrísrúarvíðir eftir þeim jörðum sem áttu þar land.

Magnús Grímsson, sem var prestur á Mosfelli eftir miðja síðustu öld, lýsir Viðin-um þannig:

„Það er flatlendi allmikið, mestmegnis mýri með valllendisjörðum, öll þýð. ... Nafnið Viðir er líklega dregið af því að mýri sú er allt ein flatneskja og þar er víðátta mest í Dalnum. ... Á Viðinum milli áнна standa engir bæir. Þar sem hann er breiðastur, um miðbik dalsins, er hann hér um bil 5 eður 6 hundraða faðma breiður. Viðirinn er allur grasi vaxinn og fremur grasgefinn og bagasæll en vatnssóttur mjög og oft illur yfirferðar. Á honum er mótak allgott.“

Magnús minnst hvergi á skóglendi og það hvarflar ekki að honum að nafnið Viðir geti verið dregið af plöntuheitinu. Enda voru nú þeir tímar að landið var ekki lengur skógi skrytt „milli fjalls og fjöru“. (Orðið „skóg-

rækt“ kom fyrst fyrir á prenti árið 1879.) Það er ekki fyrr en á þessari öld að hægt er að tala um skógrækt í Mosfellsdal.


Fyrstur í þeim efnum verður að teljast Hjalti Jónsson sem ævinlega var kallaður Eldeyjar-Hjalti eftir að hann kleif Eldey við þriðja mann árið 1894. Hjalti keypti land-spildu úr Minna-Mosfellslandi, austan við svonefnt Kýrgil, árið 1925, byggði þar sumarhústað, sem nefndur var Hjaltastaðir, og hóf þar skógrækt um 1930.

Einkum var plantað svokölluðum Vesturbæjarvíði, birki og reyni. Seinna var gróðursett greni. Hjalti var í vinfengi við þá Einar G. E. Sæmundsen og Hákon Bjarnason skógræktarfrómuði og naut góðs af ráðlegg-ingum þeirra varðandi skógrækt. Skógurinn við Hjaltastaði er sá elsti í Mosfellal og eru hæstu trén 6 - 7 metra há grenitré.

Um miðbik aldarinnar fór fleira áhuga-fólk um trjárækt að hugsa sér til hreyfings og enn var það sumarhústaðafólk sem reið á vaðið. Tage Ammendrup og fjölskylda keyptu þriggja hektara spildu úr Laxneslandi og stunduðu trjárækt af mikilli elju. Meðal annars fluttu þau inn fræ víða að úr heim-inum, bæði frá Norðurlöndum, Þýskalandi og Alaska og sáðu í íslenska mold. Þar eru grenitré einnig hæst eða kringum 7 metrar.

Neðar í Laxneslandi, niður með Köldukvísl, stendur húsið Lækjarnes sem Baldvin Jónsson hæstaréttarlögmaður eignaðist um 1950 og hóf þegar skógrækt.

Litum nú til suðurs: Reykjahlið komst í eigu Reykjavíkurborgar árið 1948 og var byrjað að ala þar upp plöntur sem gróðursettar voru í borginni. Einkum var það Jóel Kr. Jóelsson sem vann að þessu



Svipmynd úr Mosfellsdal.

plöntuuppeldi og í kringum þá starfsemi óx myndarlegur trjágarður í Reykjahlíð.

Um svipað leyti keypti Kennarafélag Laugarnesskóla land í Helgadal og kallaði Katlagil. Félagsmenn byrjuðu á því að girða landið og síðan var hafist handa við gróðursetningu. Þar er nú fallegt skóglendi og árlega koma 12 ára nemendur skólans til að gróðursetja tré. Katlagil er nú í eigu Laugarnesskóla.

Fleiri gróðurstöðvar áttu eftir að koma í Dalinn. Árið 1966 keypti Sigurbjörn Björnsson spildu úr Hraðastaðalandi inni í Helgadal og hóf þá skógrækt ásamt fjölskyldu sinni og kölluðu þau staðinn Hreggsstaði. Sigurbjörn bjó áður við Bústaðablett í Reykjavík en þurfti að hverfa þaðan vegna skipulagsbreytinga.

Árið 1981 byrjaði Björn, sonur Sigurbjörns, að starfa í fullu starfi á Hreggsstöðum en þá var staðurinn orðinn lögbýli undir nafninu Grásteinar, en það er gamalt örnefni á þessum slóðum. Starfsemin hefur aukist mjög á undanförunum árum og í dag er gróðarstöðin orðin átta hektara land og á sumrin vinnur þarna allmargt starfsfólk.

Viðirinn, sem séra Magnús Grímsson sagði að væri „illur yfirferðar“ er nú auðveldari viðfangs. Þjóðvegurinn austur á Þingvöllum liggur eftir honum endilöngum og byggðin á Viðinum hefur þétt, en á dögum Magnúsar voru engir bæir á milli Suðurár og Köldukvíslar.

Magnús gat ekki hugsað sér að tengja Viðisnafnið við plöntuheitið en seinustu áratugina hefur viðitrjám og öðrum trjátegundum farið fjölgandi á þessu svæði.

Jón Jóhannsson frá Dalsgarði hefur nýlega stofnað gróðarstöð á miðjum Viðinum og nefnir hana Mosskóga. Hann hefur m.a. sérhæft sig í ræktun á svonefndum Stranda- viði.

Neðar á Viðinum er gróðurreitur sem Víghóll, félag Dalbúa, hefur gert að almenningsgarði, einn af örfáum í öllu bæjarfélaginu. Til þeirrar ræktunar var stofnað til minningar um Guðmund Bjarnason frá Mosfelli sem hóf trjárækt á þessu svæði.

Til skamms tíma var allmikill búskapur í Mosfellsdal, bæði sauðfjárrækt og kúabúskapur sem leiddi til þess að skógræktar fólk þurfti að girða allt skóglendi af. Á þessu hefur orðið gjörbylting á undanförunum árum þar sem sauðfé hefur fækkað að miklum mun og gengur ekki lengur laust. Nú er ekki lengur nauðsynlegt að girða fjárheldri girðingu til að hægt sé að planta trjá.

Einstaklingar og félagasamtök hafa mjög sótt í sig veðrið hvað varðar skógrækt í Mosfellsdal. Fólk hefur fengið úthlutað landspildum þar sem grænir fingur hafa fengið að njóta sín. Þar má nefna Íslandsbanka, Soroptimistakonur og Lionsmenn sem gróðursett hafa í Mosfellslandi og Skógræktarfélag Mosfellsbæjar hefur m.a. plantað í hlíðar Æsustaðafjalls með hjálp Vinnuskólans.

Það skal að lokum ósagt látið hvernig Egill Skallagrímsson kynni við sig í Mosfellsdal nú á dögum. En það má til sanns vegar færa að Dalurinn geymi bæði gull og græna skóga.

Bjarki Bjarnason

(Greinin birtist áður í afmælisriti Skógræktarfélags Mosfellsbæjar árið 1995.)

Uppfinningamaður úr Mosfellsdal

Magnús Grímsson prestur sat Mosfell á árunum 1855-1860. Honum var margt til lista lagt og m.a. gefinn fyrir vísindalegar þælingar. Magnús reyndi að hanna vélar, s.s. sláttuvél og róðrarvél, einnig að þróa aðferð til að nota vindorkuna við að knýja skipsvélar áfram. Þessar hugmyndir Magnúsar komust þó fæstar á tilraunastigið en eru samt merki- legar þó ekki fyrir aðrar sakir en þær að þetta er lík- lega einu fyrstu tilraunir Íslendinga á sviði vélvæð- ingar. Magnús segir frá tilraunum sínum í blaðinu Þjóðólfi árið 1859 (nr. 11):

Eins og kunnugt er af „Nýjum Tíðindum“, bugs- aði ég upp sláttuvél handa Íslendingum, og lét smíða sýnishorn af henni, sem eg sýndi síðan mörgum. Engi hefir þó birt um töl þetta síðan, jafnvel þó margir léti sem sér litist vel á það. Sýnishorn tóls þessa liggur nú hjá mér, nokkuð skemt orðið, að nokkru leyti óbúið. Vili nokkur hjálpa vél þessari við, aðr en hún verðr að engu, bið eg hann leita til mín, og skal eg þá láta mynd hennar fala eptir samkomulagi. Eg bygg enn sem fyr, að vert væri að smíða vél þessa svo stóra, að hún yrði reynd.

Nú síðan hefi eg bugsað upp 2 önnur verkfæri, en ekki smíðað enn sýnishorn af. Annað er vél til þess að láta vatn knýja á fram, þó engi halli sé sem það rennr á, hvort heldur kvarnir,

eða þófaravélar, eða hvert annað tól, sem vatnsaflí verðr við beitt. Ekki verðr slík vél höfð nema í rennandi vatni, og er hún mjög auðgjörð.

Hið annað tól, er róðrarvél á ís- lenzk skip, sem margfaldar mannsaflíð 10 til 16 sinn- um, eða jafnvel meira. Er hún á allt öðrum hug- myndum byggð, en þær, sem eg hef heyrt um getið, að hér hafi fyr verið upp fundnar. Vél þessi sýnist mér einkar hagkvæm á flutningaskip, eða hin stærri skip, en síðr á smábáta.

Eg þykist ennfremr vera sannfærðr um, að eldr og gufa séu öpörf til að koma skipum á fram líkt og nú eru á gufuskipum útlendra þjóða; heldr megi til þess hafa hvort heldur vill vatn eða lopt.

Væri sá nokkur af löndum mínum sem nokkuð vildi og gæti lagt í sölurnar til að komast eptir sannindum þessa, læt ég honum það falt, þó einúngis með vissum skilyrðum. Hefði ég fé til, skyldi eg gjöra slíkt sjálfr.

M. Grímsson.

Ekki fara neinar sögur af viðbrögðum lesenda Þjóðólfs við grein Magnúsar og hætt er við að uppfundin töl hans hafi orðið fúa og ryði að bráð uppi á Mosfelli. Tími vélvæðingar var enn ekki runninn upp á Íslandi.



Magnús Grímsson

Lundur rifinn

Síðastliðið haust var íbúðarhúsið á Lundi jafnað við jörðu að stórum hluta en jörðin er nú í eyði. Guðmundur Þorkelsson og Gyða Briem byggðu húsið í kringum 1936 og var það því komið til ára sinna. Á myndinni má sjá Guðjón Haraldsson á vettvangi en hann sá um niðurrif hússins.



Íslensk myndni



**Séra Hálfdan
Helgason**

Séra Hálfdan Helgason (1897-1954) var prestur Mosfellinga um þrjátíu ára skeið (1924-1954) og sat á Mosfelli. Hálfdan gat verið spaugsamur og þess skopsaga af honum birtist í safnritinu Íslensk myndni árið 1959:

„Sr. Hálfdan Helgason á Mosfelli kom einu sinni sem

oftar til Ólafs Gunnlaugssonar garðyrkjumanns á Laugabóli. Er þeir voru sestir inn í stofu, spurði Ólafur sr. Hálfdan, hvort hann vildi ekki þiggja hjá sér ofurlítið í staupinu. 'Já, þakka þér fyrir,' svaraði sr. Hálfdan, 'ef það er ekki mjög andskoti lítið!'"

BASIC

Nýjar vörur

Þverholt 2, Kjarni
Sími: 586 8099

FINA
snyrtivöruverslun

HÁHOLT 14 270 MOSFELLSBÆR
SÍMI 586 8000

Halldór Kiljan Laxness

f. 23. 4. 1902 d. 8.2. 1998



Halldór Laxness árið 1949 á 40 ára afmæli UMFA. Myndin er tekin á Brúarlandi.

„En brott ég fór og fjöllin urðu kyr“ orti Halldór Laxness árið 1930 á leið á Alþingishátíðina á Þingvöllum; ekki þrí-tugur en óvenju lífsreynður maður – fyrir löngu búinn að hleypa heimdrag-anum úr Mosfellsdal og snúinn til kaþólsku, sumir sögðu kommúnisma.

Hann hafði þá þegar skrifað nokkrar skáldsögur sem féllu í misfrjóa jörð að ógleymdri *Alþýðubókinni* sem hann kallaði sjálfur lesbók fyrir jafn-aðarmenn sem innihéldi 12 byltingarrit-gerðir.

Halldór Laxness fór snemma og oft burt frá ættjörð sinni. Ári eftir Alþingishátíðina er hann kominn til

meginlands Evrópu til að vinna að *Sölku Völku*; síðan til Barselónu, ekki til að skrifa um spænskar senjórítur undir suðrænni sól heldur mesta kotbónda Íslands á afskekktasta býlinu: Bjart í Sumarhúsum.

En á meðan þessi djarfhuga Mosfellingur gerði víðreist og lagði undir sig lendur andans þá voru fjöllin í Mosfellssveitinni ætíð þau sömu og þeirra vitjaði hann sífellt aftur. Sveitina sá hann í hillingum sem draumaland bernskunnar og þótt hann ætti ekki lengur athvarf í Laxnesi þá laðaði sveitin hann til sín. Hann byggði sér hús fast við þjóðveginn og nefndi Gljúfra-stein og þar settist hann að ásamt fjöl-skyldu sinni. Hann varð heiðurborgari sveitarinnar í fyllingu tímans en gerði þá í viðtali athugasemd við það orð: Heiðurborgari; hvernig var hægt að vera borgari í sveit? Væri ekki nær að kalla sig heiðursbónda!

Þau ítök sem Mosfellssveit átti í Halldóri Laxness sjást best á því að á seinasta skeiði ferils síns sækir hann í auknum mæli efnivið á bernskustöðvar sínar; fyrst með *Innansveitarkroniku* og síðan endurminningarbókum sínum. Í einni þeirra lýsir hann göngu sinni um Mosfellssveit árið 1920. Hann og æsku-vinur hans, Jóhann Jónsson skáld, fara fótgangandi frá Reykjavík upp í Mosfellsdal:

„Við Jóhann stóðum þarna í djúpi nætur fyrir neðan Lágafell þar sem

Þjóðbrautin fer að taka á sig króka til að sinna öðrum bygðahverfum sveitarinnar. ... Við klifum yfir Lágafell sem góðu heilli er reyndar lægst fjall í heimi, og komum niður í Reykjahverfi þar sem heilsuhælið Reykjahlundur stendur núna. Þaðan stefnum við á Skammadal, sem er eyðidalur milli tveggja fella, Helgafells og Æsustaðafjalls; og var það fjallgarður númer tvö sem við urðum að klaungrast yfir þessa nótt, baltir eins og við vorum og allir fuglar farnir að kúra. Við náðum til bygða syðst í Mosfellsdal hjá Æsustöðum.“

Jóhann, æskuvinur Halldórs, lést ungur fyrir meira en mannsaldri en Halldór Laxness átti eftir að klífa alla þá

tinda sem hann sóttist eftir á sviði bókmennta og lista. En hann gleymdi aldrei fjöllumum í Mosfellsveit – þótt sum þeirra hefðu ekki háleit nöfn.

Nú er langri lífsgöngu lokið, og henni lýkur í Mosfellsdal þar sem hann sleit barnsskónum í túninu heima endur fyrir löngu.

*Í dalnum frammi undi ég áður fyr;
við ána greri fjfillinn minn bestur.
En brott ég fór, og fjöllin urðu kyr.
Ég fer hér nú sem þúsundáragestur.*

Bjarki Bjarnason

Ísfugl

Pílus
Hársnyrlistofa
Þverholti 2
Sími 566 6090

Grasavinafélagið
Túnþökusala
Reykjavegi 65
S - 8560700/8960700

Holta~
kjúklingur

ÁSLÁKUR



Inga Erling

VINNUSTOFA ALAFOSSV, 18
GALLERÍ SKÓLAVÖRÐUST, 5

Fyrsti nútímablaðamaðurinn var úr Mosfellssdal

Magnús Gíslason frá Helgadal (1881-1969)

Hver var fyrsti íslenski blaðamaðurinn? Árni Thorsteinsson rithöfundur og útvarpsþulur lýsir aðdraganda að ráðningu fyrsta blaðamannsins á Vísi á þann veg að Magnús Gíslason hafi verið fenginn „til þess að fara austur í sveitir að hafa tal af bændum og afla fréttu, og fór hann í þann leiðangur á reiðhjóli sínu. Skrifaði hann m.a. greinaflokk í blaðið *Á ferð um Grafning*, og margt fleira skrifaði hann í blaðið og allmörg kvæði birtust í því.“⁽¹⁾

Vilhjálmur Þ. Gíslason segir svo frá : „Fyrsti blaðamaður Vísis, annar en ritstjórinn, var Magnús Gíslason og annaðist bæjarfréttir og auglýsingar og var jafnframt afgreiðslumaður. Hann byrjaði á því á morgnana að ganga niður að höfn og hyggja að skipaferðum. Síðan fór hann flesta daga fótgangandi um bæinn til að afla fréttu og ræða við menn, eða hann sat á bæjarstjórnarfundum. Fréttirnar skrifaði hann svo heima hjá sér eða á afgreiðslunni og voru greidd ritlaun, miðuð við dálkslengd.“⁽²⁾

Trúlega hafa ritlaunin verið rýr en allra athygli verð eru viðhorf Magnúsar til blaðamennskunnar er viðtal var haft við hann síðar í Vísi: „Það var ekki beinlínis sultur, en stappaði nærri. Hins

vegar hafði eg gaman af starfinu og hafði áhuga fyrir því. Það var mér meira virði en hátt kaup“⁽²⁾

En hvar voru rætur Magnúsar? Úr sunnanverðum Mosfellsdal liggur stuttur en djúpur dalur inn í fellin. Dalur þessi er Helgadalur og er samnefndur bær í botni hans. Á ofanverðri síðustu öld bjuggu í Helgadal hjónin Gísli Magnússon og Sigríður Hannesdóttir og þann 29. dag maímánaðar 1881 fæddist þeim sonurinn Magnús. Þau fluttu austur í Grafning og ólst Magnús upp hjá þeim. Tvítugur fluttist hann til Reykjavíkur og nam ljós-



Magnús Gíslason

myndun hjá Árna Thorsteinssyni sem einna þekktastur er fyrir fagar tónsmíðar.

Listameistariinn Ríkarður Jónsson skrifaði um Magnús í tímaritið Óðin 1916 og verður hér tekinn upp stuttur kafli:

„Ferðaðist hann síðan talsvert hér á landi og safnaði myndum, og eigi síður hugmyndum en ljósmyndum. Árið 1903 sigldi hann til Kaupmannahafnar til að fullkomnast í þeirri iðn og stundaði hana um skeið, en hefur lagt hana á hilluna síðustu árin. Magnús Gíslason er kvæntur Jófríði Guðmundsdóttur af Skarðsströnd við Breiðafjörð. Þau eru búsett í Reykjavík og eiga þrjú börn á

lífi. Snemma fór að brydda á skáldskapargáfu Magnúsar og ákafri menntaþrá og þótti honum ill vistin í heimahúsum hvað menntun snerti og sýna það ljóslega þessar vísur, sem teknar eru úr kvæði, er hann gerði í kringum fermingaraldur:

*Menningar- og menntastraumar
mæða ei fólkið hér.
Það dottar allt og dregur ýsur.
Drottinn hjálpi mér!*

*Ég er eins og fangi í fjöllum,
far á skeri lent.
Útlaga er frá allri þekking,
ekkert mér er kennt.*

M.G. orkti mikið í æsku og einnig síðan og hefur tiltölulega lítið birst af því enn. Ljódagerð hans hefur breyst mikið frá því fyrsta eins og líf skjörin. Í æskuljóðum hans kennir minna hins þunga heimsádeiluanda, sem nú orðið auðkennir svo mjög ljóð hans.

Um 18 ára aldur orkti hann hið draumljúfa smákvæði „Nótt“, sem birtist í hinu fyrsta kvæðasafni hans 'Morgunbjarma' prentað 1906. Kvæðið „Nótt“ er líklega þjóðkunnast af öllum kvæðum Magnúsar og sungið víða bæði innanlands og utan. Fyrsta vísan er svona:

*Nú ríkir kyrrð í djúpum dal,
þótt duni foss í gljúfrasal;
í breiðrum fuglar hvíla rótt
þeir hafa boðið: góða nótt.³⁾*

Árni Thorsteinsson tónskáld samdi lag við kvæðið.


Pegar Magnús var kominn hátt á sjötugsaldur komu út minningar hans.⁴⁾ Starfaði hann við hvalveiðar í byrjun aldarinnar m.a. að Asknesi við Mjóafjörð á vegum norska hvalveiðijöfursins Hans Ellefsen. Lýsir Magnús einkum vel störfum að hvalskurði, daglegu lífi, tómstundum og aðbúnaði farandverkafólks í byrjun aldarinnar á Austfjörðum.

Fremur lítið hefur verið ritað um þennan merka Mosfelling, sem kemur víða við sögu. Er óskandi, að einhvern tímann verði bætt úr og lífshlaupi hans betur lýst en hér er gert. Magnús lést árið 1969.⁵⁾

Guðjón Jensson

(Greinin birtist áður í bæjarblaðinu Sveitunga í júní 1994.)

Tilvísanir. 1) Árni Thorsteinsson: *Öx viður af Vist* : dagblað í sextíu ár. Reykjavík: Rökkur, 1971, bls. 31. 2) Vilhjálmur P. Gíslason: *Blöð og blaðamennt 1773-1944*. Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1972, bls. 264. 3) *Óðinn, XII.árg.* 1916, bls. 71-72. 4) Magnús Gíslason: *Á hvalveiðislóðum: minningar*. Reykjavík: Ísafold, 1949. 5) Hannes Pétursson og Helgi Samundsson: *Íslenskt skáldatal M-Ö*. Reykjavík: Menningarsjóður, 1976, bls. 6-7.



Fjárkláði hjá Mosfellsklerki

Fjárkláðinn (hinn síðari) barst hingað til lands árið 1855 með enskum hrútum. Hann breiddist hratt um landið og olli þungum búsisfum. Mosfellingar fóru ekki varhluta af þessum vandræðum. Ekki fór sjúkdómurinn í manngrein-aralit, þessi skelfing kom jafnt niður á sauðfé allra bænda og skipti eigi máli þó presturinn ætti í hlut, sauðir hans urðu einnig fyrir skakkaföllum.

Árið 1856 var fjárkláðinn kominn í Mosfellsdal en skiptar skoðanir voru meðal landsmanna hvort niðurskurður væri eina haldbæra ráðið eða lækningar mögulegar. Sálnahirðir Mosfellinga þá var séra Magnús Grímsson. Hann vildi skera sitt fé, treysti ekki á lækningar en spurði í eftirfarandi bréfi hvað gera ætti við svokölluð „ásauðarkúgildi“ staðarins. Viðtakandi bréfsins var prófasturinn í Görðum á Álftanesi, sem þá var séra Ólafur Pálsson:

Háæruverðugi herra prófastur !

Sökum þess að kláðasýkin í sauðfénu útbreiddist hér óðum og helst lítur út fyrir að því verði fargað, þá leyfi eg mér hér með að biðja yður, að útvega mér og gefa skýlausa ákvörðun hvað gjöra skuli við ásauðarkúgildi Mosfellskirkju. Eg vil ekki að þau falli mér, ef þau falla, og lækningum sýnist ekki treystandi, þar styður margt að, og eg ætla að láta skera þær kindur, sem eg hef hönd yfir, jafn óðum og á þeim sér.

Á svarinu hér upp á riður mér sem fyrst, bæði mér vegna og landseta kirkjunnar.

Mosfelli 21, okt. 1856.

Auðmjúklekast

MGrímsson

MF

Sigurður Skarphéðinsson
Grænumýri 5 – Sími 566 7217



SS GÍSLASON
VIÐGERÐIR H.F.

SMIDSHÖFÐI II

SÍMI: 587 2060

Ferðapjónustan

Frá hvirfli til ilja

Sími: 566 7098 / 899 5198

Fax: 566 7091

Bjarki Bjarnason

Gróðrarstöðin
Dalsgarður

Mosraf

TANNLÆKNASTOFA
GUÐJÓNS S. VALGEIRSSOAR
Urðarholti – Sími 566 6992

Verið velkomin



Startstofk Íslandsbanka Mostellsbæ
bverholti 6 • 270 Mostellsbæ • Sími 5-666080

Eftirtaldir aðilar styrkja útgáfu Dalalæðunnar

Valgerður og Andrés á Laugabóli

Porkell Jólsson og aðrir
Túnfætlingar

Kolbrún og Pétur á Brávöllum

Herdís og Hreinn í Helgadal

Signý og Jón á Furuvöllum

Erna og Stefán í Árvangi

Bryndís og Reynir á Víði

Puríður og Skúli í Röðli

Félagsbúið á Hrísbú

Guðbjörg og Sigurður í Reykjadal

Kvikmyndafélagið Umbi

Guðrún Jóhannsdóttir Skuld

Sigríður Halldórsdóttir í Jónstótt

**Kærar þakkir fyrir
stuðninginn!**

Klara og Bjarni á Hraðastöðum

Póra og Bjarki á Hvirfli

ANNÁLL ÁRSINS 1998

ÞORRABLÓT 1998

Þorrablót Dalbúa var haldið í Fólkvangi á Kjalarnesi þann 7. febrúar. Upphaflega var ætlunin að halda teitið í Kiwanishúsinu en þeim áætlunum var kollvarpað svo að segja á síðustu stundu. Var þá blótið flutt allsnarlega til Reykjavíkur þ.e.a.s. á Kjalarnesið. Er skemmst frá því að segja að aðsókn var slík og fjör svo mikið að betra blót hefur vart verið haldið.

MYNDBANDSGERÐ

Stjórn Víghóls sótti um og fékk styrk úr Lista- og menningarsjóði Mosfellsbæjar til myndbandsgerðar um fornminjar í Mosfellsdal. Bjarki Bjarnason hefur umsjón með verkinu og er tökum lokið en eftir er að fullvinna verkið. Að því loknu mun stjórn Víghóls bjóða myndbandið til sölu á viðráðanlegu verði.

GRÓÐURREITUR

Í júní mættu nokkrir vaskir dalbúar og gróðursettu tré umhverfis „skeifuna“ í gróðurreitnum. Hreinsaðir voru burt nokkrir dauðir runnar næst veginum og áburður var borinn á. Völlurinn hefur verið sleginn á vegum bæjarfélagsins. Næsta vor þarf að huga sérstaklega að snyrtingu næst þjóðveginum. Á svæðinu eru vegasölt, rennibraut og mörk og skjólgott er innan um trjágróðurinn. Vonar stjórn Víghóls að sem flestir vilji koma í garðinn okkar og njóta hans.

AÐALFUNDUR

Aðalfundur var haldinn 23. nóvember í gólfskálanum á Bakkakotsvelli. Fámennt var en góðmennt. Stjórn Víghóls var endurkjörin. Formaður er Auður Eiríksdóttir á Laugabóli 2, Sigurður Skarphéðinsson í Sigtúni er gjaldkeri og Ásgerður Gísladóttir á Hrísbú er ritari.

BRÉF TIL BÆJARSTJÓRNAR

Á aðalfundi var ákveðið að senda bréf til bæjarstjórnar þar sem skorað var á bæjaryfirvöld að gera bragarbót í eftirfarandi mál efnum:

- Sorphirða verði færð til fyrra horfs og regluleg hreinsun verði vikulega.
 - Tryggt verði að miðnæturfærð áætlunarbíls fari í dalinn og að síðasta ferð úr miðbæ Reykjavíkur um helgar fari í dalinn ef farþegar þurfa að komast hingað.
 - Gert verði hestfært undir brúna í Viðiodd-anum.
 - Gönguleiðin meðfram þjóðveginum verði löguð eftir framkvæmdir síðasta sumars.
 - Vetrarbílastæði verði norðan vegar og bílfær!
 - Bæjaryfirvöld fari að koma á koppinn svokölluðu deiliskipulagi fyrir S-V horn dalsins og veita svör við byggingarleyfisumsóknum sem hundsáðar hafa verið til þessa.
 - Dalurinn fái sitt jólatré eins og önnur hverfi í bænum.
- Jólatréð fengum við öllum til mikillar ánægju. Sómdí tréð sér vel og var áberandi í vetrarmyrkrinu.

ÁRAMÓTABRENNAN

Brennan var á sama stað og árið áður í landi Mosfells. Ekki var kösturinn sérlega stór en logaði því betur. Mosfellsbær lagði til bíl með skýli fyrir lúðrasveit dalbúa *Brak* og *bresti* og voru hljómsveitarmeðlimir hæstánægðir með bætta blástursaðstöðu. Nokkrir aðkomuhljóðferaleikarar komu eins og venjulega og er frægð þessarar lúðrasveitar farin að berast víða. Maestro Keli og hans fólk í *Braki* og *brestum* eiga þakkir skildar fyrir skemmtilegan og ómis-sandi tónlistarflutning.

Auður Eiríksdóttir